

## REGLUGERÐ

### um óhæði greiðslukortakerfa og vinnslueininga.

#### 1. gr.

##### *Innleiðing.*

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/72 frá 4. október 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/751 um millgjöld fyrir kortatengdar greiðslur að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem koma á kröfunum sem greiðslukortakerfum og vinnslueiningum ber að hlíta til að tryggja beitingu óhæðiskrafna að því er varðar reikningsskil, skipulag og ákvarðanatökugerli, sem tekin var upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 261/2019 frá 25. október 2019, með þeim aðlögunum sem leiðir af bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993. Reglugerðin er birt á bls. 137 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 16 frá 12. mars 2020.

#### 2. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 8. gr. laga um millgjöld fyrir kortatengdar greiðslur, nr. 31/2019, öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 27. mars 2020.*

F. h. r.

**Guðrún Þorleifsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Gunnlaugur Helgason.*